



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Efni: Umsögn velferðarsviðs vegna þjónustusamnings um rekstur Fjölsmiðjunnar árin 2020 - 2022

Á fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) þann 2. desember 2019 voru lögð fram drög að endurnýjun þjónustusamnings við Fjölsmiðjuna ásamt minnisblaði framkvæmdastjóra SSH. Á grundvelli framlagðra gagna mælir velferðarsvið með því að gengið verði til samnings við Fjölsmiðjuna til þriggja ára í samræmi við þær tillögur sem liggja fyrir.

Í meðfylgjandi minnisblaði framkvæmdastjóra SSH eru dregnar fram helstu breytingar sem gerðar eru frá fyrri samning sem þó er efnislega óbreyttur.

Breytingar á samning:

- Þjónustustyrkur samanber gr. 5.2. er miðaður við núverandi verðlag.
- Stjórnir aðila hafa nú heimild til að framlengja samninginn um tvö ár umfram gildistíma.
- Þjálfunarstyrkir til nema eru greiddir samkvæmt hlutfalli af launataxta Eflingar stéttarfélags við Samband íslenskra sveitafélaga og er kveðið á um það í 1. mgr. 4. gr. samnings.
- Tekið hefur verið út skv. 6. gr. samningsins að sérstakt notendaráð skuli skipað, en kveðið á um fasta fundi með fulltrúum sveitarfélaga amk. tvisvar á ári, til að tryggja skilvirkan framgang samningsins.
- Í 5. gr. 2 mgr. kemur fram að þjálfunarstyrkur ársins 2020 skuli vera 11 m.kr. miðað við verðlag 1. janúar 2020 og að upphæðin breytist árlega í samræmi við vísitölu neysluverðs. Greiðslur hvers sveitarfélags miðast við hlutfallslegan íbúafjölda 1. des. árið á undan. Hlutfall Reykjavíkur ár árinu 2018 og 2019 var 56,7%

Velferðarsvið hefur verið aðili að samningi við Fjölsmiðjuna frá upphafi starfseminnar. Aðeins hefur dregið úr tilvísunum en sveiflur eru alltaf milli ára samanber neðangreinda töflu.

Tafla 1: Fjöldi tilvísana frá Reykjavíkurborg árin 2012 – 2019.

Kyn	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Karl	46	49	44	41	31	37	34	41
Kona	23	16	14	20	21	13	9	15
Samtals	69	65	58	61	52	50	43	56

Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar hækkar á milli ára því fjöldi tilvísana eykst á milli ára.

Kostnaðarleg áhrif nýs samnings er minniháttar, er þar eingöngu um að ræða hlut Reykjavíkurborgar í þjónustustyrknum sem var 5,8 m.kr. á árinu 2019. Hluttur Reykjavíkurborgar hefur verið 56,7% undanfarin tvö ár og má því ætla að kostnaðurinn verði um 6,2 m.kr. á árinu 2020.

Regluleg samstarf er á milli velferðarsviðs og Fjölsmiðjunnar, bæði um málefni einstaklinga og almennt um framkvæmd þjónustunnar. Samstarfið hefur verið farsælt og er það von sviðsins að starfsemi Fjölsmiðjunnar þróist áfram og að fjölbreyttur hópur fái notið þjónustunnar.

Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri